

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 692/2011

2016/EES/18/05

frá 6. júlí 2011

um evrópskar hagskýrslur um ferðamál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 95/57/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum l. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins, undirrituðum af forseta, frá fundi þess 14. desember 2007 lagði leiðtogaráðið áherslu á það veigamikla hlutverk sem ferðaþjónusta gegnir í þágu hagvaxtar og atvinnusköpunar í Evrópusambandinu og hvatti framkvæmdastjórnina, aðildarríkin, atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila til að taka höndum saman við að hrinda tímanlega í framkvæmd áætlun um sjálfbæra og samkeppnishæfa ferðaþjónustu í Evrópu.
- 2) Ferðaþjónustan í Evrópusambandinu gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi aðildarríkjanna þar eð í henni felast fjölmörg atvinnutækifæri. Til að geta metið samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar er nauðsynlegt að hafa góða þekkingu á umfangi hennar og eiginleikum, því sem einkennir ferðamenn og jafnframt ferðaútgjöldum og ávinningi fyrir hagkerfi aðildarríkjanna.
- 3) Þörf er á mánaðarlegum gögnum til að mæla árstíðabundin áhrif á eftirspurn eftir gistirými fyrir ferðamenn og aðstoða með því móti opinber yfirvöld og rekstraraðila við að þróa hentugri áætlanir og stefnur til að bæta árstíðabundna dreifingu orlofsdaga og viðburða í ferðaþjónustu.
- 4) Meirihluti fyrirtækja í Evrópu sem starfa við ferðaþjónustu eru lítil eða meðalstór fyrirtæki, og takmarkast mikilvægi þeirra í ferðaþjónustu í Evrópu ekki við efnahagslegt virði þeirra eða mikilla möguleika þeirra til atvinnusköpunar. Þau stuðla jafnframt að stöðugleika og hagsæld

nær-samfélaga og að viðhalda gestrisni og staðarvitund sem eru aðalsmerki ferðaþjónustu í Evrópu. Að teknu tilliti til stærðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja verður að taka mið af mögulegu stjórnsýsluálagi og innleiða ætti kerfi viðmiðunarmarka til að mæta þörfum notenda en minnka um leið svarbyrði þeirra aðila sem eru ábyrgir fyrir því að veita tölfraðileg gögn, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

- 5) Breytingar sem hafa orðið á eðli ferðaþjónustu frá því að tilskipun ráðsins 95/57/EB frá 23. nóvember 1995 um söfnun tölfraðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu tók gildi ⁽²⁾, þ.e. vaxandi mikilvægi stuttra ferða og dagsferða, sem stuðla að umtalsvert auknum tekjum í ferðaþjónustu á mörgum svæðum eða löndum, aukið mikilvægi gístiaðstöðu utan leigumarkaðar eða gístiaðstöðu í minna rými og aukin áhrif Netsins á hvernig staðið er að bókunum og á ferðaþjónustu, þýðir að aðlaga ætti hagskýrslugerð í ferðaþjónustu.
- 6) Til að unnt sé að meta þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í hagkerfum aðildarríkjanna út frá alþjóðlega viðurkenndum ramma hliðarreikninga í ferðaþjónustu sem sýna áhrif ferðaþjónustu á hagkerfið og störf, er nauðsynlegt að bæta aðgengileika, heilleika og heildstæði helstu hagtalna í ferðaþjónustu til að taka saman slíka reikninga, ef framkvæmdastjórnin telur það nauðsynlegt, sem undirbúning vegna tillagna að nýrri löggjöf fyrir sendingar samræmdra tafla yfir hliðarreikninga í ferðaþjónustu. Því þarf að uppfæra lagaskilyrði sem nú er mælt fyrir um í tilskipun 95/57/EB.
- 7) Framkvæmdastjórnin þarf einstaklingsbundin gögn til að kanna helstu efnahagsleg og félagsleg málefni á sviði ferðaþjónustu, einkum ný málefni þar sem þörf er á sérstökum rannsóknum. Stór hluti ferðaþjónustu í Sambandinu fer fram innan Evrópu sem þýðir að einstaklingsbundin gögn frá samræmdum hagskýrslum í Evrópu um eftirspurn um þjónustu við ferðamenn á útleið veita þá þegar tölfraðilegar upplýsingar um eftirspurn um þjónustu við ferðamenn á innleið fyrir aðildarríki ákvörðunarstaðar, án þess að það hafi í för með sér aukna byrði, og þannig er hægt að komast hjá tvöföldu eftirliti með flæði ferðamanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 4.10.2012, bls. 43.

⁽¹⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 6. apríl 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. júní 2011.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 291, 6.12.1995, bls. 32.

- 8) Félagsleg ferðaþjónusta gefur eins mörgum einstaklingum og mögulegt er tækifæri til að fara í ferðalög og getur einnig leitt til frekari dreifingar yfir árið, styrkt hugmyndina um evrópskan borgararétt og stuðlað að svæðapróun, auk þess að auðvelda þróun tiltekinnna staðbundinna hagkerfa. Til að meta þátttöku ýmissa félagslýðfræðilegra hópa í ferðaþjónustu og til að vakta áætlanir Evrópusambandsins á sviði félagslegrar ferðaþjónustu þarf framkvæmdastjórnin að fá reglubundin gögn um þátttöku í ferðaþjónustu og háttarni ferðamanna í þessum hópum.
- 9) Viðurkenndur rammi á vettvangi Sambandsins getur stuðlað að því að tryggja traust, ítarleg og samanburðarhæf gögn sem gera kleift að vakta á tilhlýðilegan hátt skipulag og þróun á framboði og eftirspurn í ferðaþjónustu. Fullnægjandi samanburðarhæfi er nauðsynlegt á vettvangi Sambandsins að því er varðar aðferðafræði, skilgreiningar og áætlunina um tölfræðileg gögn og lýsigögn.
- 10) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ⁽³⁾, sem er viðmiðunarrammi fyrir þessa reglugerð, er kveðið á um að við söfnun tölfræðilegra upplýsinga eigi í hvívetna að gæta óhlutdrægni, gagnsæis, áreiðanleika, hlutlægni, vísindalegs og fræðilegs sjálfstæðis, kostnaðarhagkvæmni og trúnaðarkvaða í hagskýrslum.
- 11) Við gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna samkvæmt þessari reglugerð ættu hagskýrsluyfirvöld Evrópusambandsins og einstakra landa að taka mið af þeim meginreglum sem eru settar fram í meginreglunum um evrópska hagskýrslugerð, sem eru samþykktar af hálfu hagskýrsluáætlunarnefndarinnar 24. febrúar 2005 og fylgja tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2005, um sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð innlendra hagskýrsluyfirvalda og hagskýrsluyfirvalda Bandalagsins.
- 12) Með hliðsjón af efnahagslegri, félagslegri og tæknilegri þróun ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar aðlögun á frestum vegna gagnasendinga og viðaukanna, að undanskildu valfrjálsum eðli tilskilinna gagna og takmarkana á gildissviði, eins og það er skilgreint í viðaukunum. Einnig ætti að heimila framkvæmdastjórninni að laga skilgreiningarnar að breytingunum á alþjóðlegum skilgreiningum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 13) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ⁽⁴⁾.
- 14) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum ramma vegna kerfisbundinnar þróunar, gerðar og miðlunar evrópskra hagskýrslna um ferðaþjónustu, vegna þess að sameiginleg einkenni hagskýrslugagna og gæðakrafna eru ekki fyrir hendi og vegna skorts á aðferðafræðilegu gagnsæi, en geta með því að nota sameiginlegan ramma fyrir hagskýrslugögn náð betri árangri á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 15) Í ljósi breytinga á ferðaþjónustu og tegunda gagna sem framkvæmdastjórnin og aðrir notendur evrópskra hagskýrslna um ferðamáli þarfnast, eiga ákvæði tilskipunar 95/57/EB ekki lengur við. Þar sem nauðsynlegt er að uppfæra löggjöf á þessu sviði ætti að fella niður tilskipun 95/57/EB.
- 16) Viðeigandi er að tryggja notkun sameiginlegra staðla og samanburðarhæfra hagskýrslna með reglugerð.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna um ferðaþjónustu.

Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin safna, taka saman, vinna og senda samræmdar hagskýrslur um framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „viðmiðunartímabil“: það tímabil sem gögn miðast við,
- b) „viðmiðunarár“: viðmiðunartímabil sem er eitt almanaksár,
- c) „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“: sameiginleg atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽⁵⁾,
- d) „flokkun hagskýrslusvæða“: sameiginleg flokkun hagskýrslusvæða innan Sambandsins, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ⁽⁶⁾,
- e) „venjulegt umhverfi“: landsvæði, þarf ekki að vera samliggjandi, þar sem einstaklingur sinnir sínu venjubundna, daglega lífi og skal ákvarðað á grundvelli eftirfarandi skilgreininga: farið yfir stjórnsýsluleg landamæri eða fjarlægðin frá vanalegum búsetustað, lengd heimsóknarinnar, tíðni heimsóknarinnar, tilgangur heimsóknarinnar,
- f) „ferðapjónusta“: virkni gesta sem ferðast á aðalákvörðunarstað sem er utan þeirra venjulega umhverfis, í minna en ár, í hvaða megintilgangi sem vera skal, þ.m.t. vegna viðskipta, þegar þeir eru í fríi eða í öðrum persónulegum erindagjörðum, að undanskildu því að vera ráðnir til starfa af einingu með búsetu á þeim stað sem heimsóttur er,
- g) „ferðapjónusta við heimamenn“: heimsóknir gesta innan aðildarríkis, sem eru búsettir í því aðildarríki,
- h) „þjónusta við ferðamenn á innleið“: heimsóknir gesta til aðildarríkis, sem eru ekki búsettir í því aðildarríki,
- i) „þjónusta við ferðamenn á útleið“: heimsóknir gesta aðildarríkis utan þess aðildarríkis,
- j) „ferðapjónusta við innlenda“: tekur til ferðapjónustu við heimamenn og þjónustu við ferðamenn á útleið,
- k) „ferðapjónusta innanlands“: tekur til ferðapjónustu við heimamenn og þjónustu við ferðamenn á innleið,
- l) „gististaður“: staðbundin rekstrareining, eins og skilgreint er í viðaukanum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og

greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ⁽⁷⁾, sem veitir gegn greiðslu – þó að verðið geti verið niðurgreitt að hluta til eða í heild – gistiþjónustu til stuttrar dvalar eins og lýst er í flokki 55.1 (hótel og gistiheimili), 55.2 (orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða) og 55.3 (tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi) í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,

- m) „gistiaðstaða utan leigumarkaðar“: meðal annars gistiaðstaða sem er veitt án endurgjalds af fjölskyldu eða vinum eða gistiaðstaða á orlofsheimilum sem eigandi nýtir, þ.m.t. skiptileigueignir,
- n) „dagsferðir“: heimsóknir gesta án gistingar yfir nótt, sem eru utan síns venjulega umhverfis og hefjast á stað fastrar búsetu.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 11. gr. að því er varðar breytingar á skilgreiningunum í 1. mgr. þessarar greinar, í þeim tilgangi að laga þessar skilgreiningar að breytingum á alþjóðlegum skilgreiningum.

3. gr.

Viðfangsefni og skráningaratriði tilskilinna gagna

1. Að því er varðar þessa reglugerð skulu gögnin, sem senda skal til aðildarríkjanna í samræmi við 9. gr., tengjast eftirfarandi:

- a) ferðapjónustu innanlands, með tilliti til rýmis og nýtingar gististaða, fyrir breyturnar, tíðnina og þær sundurliðanir sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. þætti I. viðauka,
- b) ferðapjónustu innanlands, með tilliti til gistinóta í gistiaðstöðu utan leigumarkaðar, fyrir breyturnar, tíðnina og þær sundurliðanir sem mælt er fyrir um í 4. þætti I. viðauka,
- c) ferðapjónustu fyrir innlenda, með tilliti til eftirspurnar í ferðapjónustu, er varðar þátttöku í ferðapjónustu og skráningaratriði vegna ferða og gesta í ferðapjónustu, fyrir breyturnar, tíðnina og þær sundurliðanir sem mælt er fyrir um í 1. og 2. þætti í II. viðauka,
- d) ferðapjónustu fyrir innlenda, með tilliti til eftirspurnar í ferðapjónustu, er varðar skráningaratriði vegna dagsferða, fyrir breyturnar, tíðnina og þær sundurliðanir sem mælt er fyrir um í 3. þætti í II. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja, ef nauðsyn krefur, framseldar gerðir í samræmi við 11. gr. er varða breytingar á viðaukunum, að undanskildu valfrjálsu eðli tilskilinna gagna og takmarkana á gildissviði eins og það er skilgreint í viðaukunum, með hliðsjón af efnahagslegri, félagslegri og tæknilegri þróun. Framkvæmdastjórnin skal, í krafti valdheimilda sinna samkvæmt þessu ákvæði, tryggja að allar framseldar, samþykktar gerðir auki ekki verulega stjórnsýsluálag á aðildarríkin og á svarendur.

4. gr.

Umfang eftirlits

Umfang eftirlits fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í:

- a-lið 1. mgr. 3. gr., skal vera fyrir alla gistaða eins og þeir eru skilgreindir í l-lið 1. mgr. 2. gr., nema annað sé tilgreint í I. viðauka,
- b-lið 1. mgr. 3. gr., skal vera vegna allra gistinóta heimilisfastra, sem og þeirra sem eru ekki heimilisfastir þar, í gistaðstöðu utan leigumarkaðar,
- c-lið 1. mgr. 3. gr., að því er varðar gögn um þátttöku í ferðaþjónustu, skal vera vegna allra einstaklinga sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkisins, nema annað sé tilgreint í 1. þætti II. viðauka,
- d-lið 1. mgr. 3. gr., að því er varðar gögn um skráningaratriði vegna ferða og gesta í ferðaþjónustu, skal vera vegna allra ferða sem eru með gistingu íbúa yfir lágmarki eina nótt utan þeirra venjulega umhverfis, sem lauk á viðmiðunartímabilinu, nema annað sé tilgreint í 2. þætti II. viðauka,
- e) d-lið 1. mgr. 3. gr., að því er varðar skráningaratriði dagsferða, skal vera vegna allra dagsferða eins og þær eru skilgreindar í n-lið 1. mgr. 2. gr., nema annað sé tilgreint í 3. þætti II. viðauka.

5. gr.

Forkannanir

1. Framkvæmdastjórnin skal gera áætlun um forkannanir sem aðildarríkin geta framkvæmt að eigin vali til að undirbúa þróun, gerð og miðlun á samræmdum töflum yfir hliðarreikninga í ferðaþjónustu og til að meta ávinning í tengslum við kostnað við samantektina.

2. Framkvæmdastjórnin skal einnig gera áætlun um forkannanir sem aðildarríkin geta framkvæmt að eigin vali til að þróa kerfi fyrir samantekt gagna sem sýna áhrif ferðaþjónustu á umhverfið.

6. gr.

Gæðaviðmiðanir og -skýrslur

- Aðildarríkin skulu tryggja gæði gagna sem send eru.
- Í þessari reglugerð gilda gæðaviðmiðanirnar, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
- Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) árlega skýrslu um gæði gagnanna sem tengjast viðmiðunartímabilunum á viðmiðunarárinu og um allar aðferðafræðilegar breytingar sem gerðar hafa verið. Skýrslan skal afhent innan níu mánaða frá lokum viðmiðunarársins.
- Framkvæmdastjórnin skal, við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat sem um getur í 2. mgr. á þau gögn sem þessi reglugerð tekur til, skilgreina fyrirkomulag og snið gæðaskýrslna í formi framkvæmdargerða. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

7. gr.

Matsskýrsla

Eigi síðar en 12. ágúst 2016 og síðan fimmta hvert ár, skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þær hagskýrslur sem hafa verið teknar saman samkvæmt þessari reglugerð, einkum um mikilvægi þeirra og byrði á fyrirtæki.

8. gr.

Gagnalindir

Að því er varðar þann grunn sem gögnunum er safnað eftir, skulu aðildarríki grípa til allra ráðstafana sem þau telja viðeigandi til að viðhalda gæðum niðurstaðnanna. Aðildarríkjunum er heimilt að útbúa tilskilin tölfræðileg gögn með því að tengja saman ýmsar heimildir, eins og tilgreint er hér á eftir:

- kannanir, þar sem skýrslugjafareiningar eru beðnar um að veita tímanlegar, nákvæmar og ítarlegar upplýsingar,
- aðrar viðeigandi heimildir, þ.m.t. stjórnsýslugögn ef þau uppfylla kröfur um tímanleika og mikilvægi,
- viðeigandi tölfræðilegar matsaðferðir.

9. gr.

Sending gagna

1. Aðildarríkin skulu senda gögnin, þ.m.t. trúnaðargögn, til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

2. Aðildarríkin skulu senda gögnin, sem tilgreind eru í I. viðauka og 1. og 3. þætti II. viðauka, í formi heildartaflna, í samræmi við staðal um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Afhenda skal þessi gögn eða uppfæra þau með rafrænum hætti á miðlægum gagnagrunni hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins). Framkvæmdastjórnin skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag á afhendingu gagna með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

3. Aðildarríkin skulu senda gögnin, sem tilgreind eru í 2. þætti II. viðauka, í formi einstaklingsbundinna gagnaskráa – þar sem hver skoðuð ferð er í sérstakri skýrslu í gagnasafninu sem sent er – sem skulu vera yfirfarin að fullu, búin til prentunar og áætluð, ef við á, í samræmi við staðal um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Afhenda skal þessi gögn eða uppfæra þau með rafrænum hætti á miðlægum gagnagrunni hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofa Evrópusambandsins). Framkvæmdastjórnin skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag á afhendingu gagna með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

4. Aðildarríkin skulu senda:

- a) árs gögnin, sem tilgreind eru í 2. og 3. lið I. viðauka, innan sex mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins, nema annað sé tilgreint í I. viðauka,
- b) mánaðarlegu gögnin, sem tilgreind eru í 2. þætti I. viðauka, innan þriggja mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins,
- c) skammtímahagvísana, sem tengjast þeim nóttum sem heimilisfastir, sem og þeir sem eru ekki heimilisfastir, eyða á gististöðum, eins og tilgreint er í 2. þætti I. viðauka, innan átta vikna frá lokum viðmiðunartímabilsins,
- d) gögnin, sem tilgreind eru í 4. þætti I. viðauka, innan níu mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins, ef hlutaðeigandi aðildarríki kys að senda þau,
- e) gögnin sem tilgreind eru í II. viðauka, innan sex mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja, ef nauðsyn krefur, framseldar gerðir í samræmi við 11. gr. er varða breytingar á frestum vegna gagnasendinga, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af efnahagslegri, félagslegri eða tæknilegri þróun. Hafa skal hliðsjón af fyrirbyggjandi starfsháttum við gagnasöfnun í aðildarríkjunum við allar slíkar breytingar.

6. Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir öll gögn sem krafist er í þessari reglugerð, nema annað sé tilgreint, skal hefjast 1. janúar 2012.

10. gr.

Handbók um aðferðafræði

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í nánú samstarfi við aðildarríkin, taka saman og uppfæra reglulega handbók um aðferðafræði sem skal innihalda leiðbeiningar um hagskýrslur, sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. skilgreiningar sem nota ber við skráningaratriði tilskilinna gagna og almennra staðla sem er ætlað að tryggja gæði gagnanna.

11. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds, sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 3. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (5. mgr.) skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár, frá og með 11. ágúst 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 3. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (5. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. gr. (2. mgr.), 3. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (5. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

12. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Nefndin skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

13. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 95/57/EB er hér með felld úr gildi.

Aðildarríkin skulu skila niðurstöðum í samræmi við tilskipun 95/57/EB fyrir öll viðmiðunartímabil 2011.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2011.

Fyrir Evrópuþingið,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

M. DOWGIELEWICZ

I. VIÐAUKI

FERÐAÞJÓNUSTA INNANLANDS

1. þáttur

RÝMI GISTISTAÐA

A. Breytur og sundurliðanir sem senda á

- 1) Senda á ársöggn vegna annars stigs svæðisbundinnar flokkunar hagskýrslusvæða og á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðanir
NACE 55.1	Fjöldi fyrirtækja Fjöldi rúma Fjöldi svefnherbergja	Tegund staðsetningar a) og b)
NACE 55.2	Fjöldi fyrirtækja Fjöldi rúma	Tegund staðsetningar a) og b)
NACE 55.3	Fjöldi fyrirtækja Fjöldi rúma	Tegund staðsetningar a) og b)

- 2) [valkvætt] Senda á ársöggn á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
NACE 55.1	Fjöldi fyrirtækja Fjöldi rúma Fjöldi svefnherbergja	Stærðarflokkur

- 3) Senda á þriggja ára gögn á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
NACE 55.1	Fjöldi fyrirtækja með eitt svefnherbergi eða fleiri sem eru aðgengileg fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, þ.m.t. notendur hjólastóla	

B. Takmörkun gildissviðsins

- Umfang eftirlits fyrir „hótel og gistiheimili“ og „orlofsdvalarstaði og annars konar gistaðstöðu“ skal að lágmarki ná yfir alla gististaði sem eru með 10 rúm eða fleiri.
- Umfang eftirlits fyrir „tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi“ skal ná að lágmarki yfir alla gististaði sem eru með 10 stæði eða fleiri.
- Aðildarríki sem eru ábyrg fyrir minna en 1% af heildarfjölda nóttá glististöðum í Evrópusambandinu geta takmarkað enn frekar umfang eftirlits, til að ná yfir að lágmarki alla gististaði sem eru með 20 rúm eða fleiri (20 stæði eða fleiri).

C. Tíðni

Fyrsta viðmiðunarár fyrir breyturnar til þriggja ára, sem eru skráðar undir 3. lið A-liðar, skal vera 2015.

2. þáttur

NÝTING GISTISTAÐA (INNANLANDS OG Á INNLEIÐ)

A. Breytur og sundurliðanir sem senda á vegna ársagna

1) Á öðru stigi svæðisbundinnar flokkunar hagskýrslusvæða og á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
Heildarfjöldi (allra tegunda gistaða)	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	Tegund staðsetningar a) og b)
NACE 55.1	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaði	
	Nettónýting rúma Nettónýting svefnherbergja	
NACE 55.2	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaði	
NACE 55.3	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaði	

2) Á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
NACE 55.1	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	Tegund staðsetningar a) og b) Land eða landsvæði búsetu gestsins [valkvætt] stærðarflokkar
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaði	Land eða landsvæði búsetu gestsins
	Nettónýting rúma Nettónýting svefnherbergja	[valkvætt] Stærðarflokkar
NACE 55.2	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gististöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gististöðum	Tegund staðsetningar a) og b) Land eða landsvæði búsetu gestsins

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaðaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaðaði	Land eða landsvæði búsetu gestsins
NACE 55.3	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gistaðstöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gistaðstöðum	Tegund staðsetningar a) og b) Land eða landsvæði búsetu gestsins
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaðaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaðaði	Land eða landsvæði búsetu gestsins

B. Breytur og sundurliðanir sem senda á vegna mánaðarlegra gagna á landsvísu

Tegund gistaðstöðu	Breytur	Sundurliðun
NACE 55.1	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gistaðstöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gistaðstöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaðaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaðaði	
	Nettónýting rúma Nettónýting svefnherbergja	
NACE 55.2	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gistaðstöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gistaðstöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaðaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaðaði	
NACE 55.3	Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru heimilisfastir eyða á gistaðstöðum Fjöldi nóttu sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir eyða á gistaðstöðum	
	Komur einstaklinga sem eru heimilisfastir á gistaðaði Komur einstaklinga sem eru ekki heimilisfastir á gistaðaði	

C. Takmörkun gildissviðsins

- 1) Umfang eftirlits fyrir „hótel og gistiheimili“ og „orlofsdvalarstaði og annars konar gistaðstöðu“ skal að lágmarki ná yfir alla gistaðaði sem eru með 10 rúm eða fleiri.
- 2) Umfang eftirlits fyrir „tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi“ skal ná að lágmarki yfir alla gistaðaði sem eru með 10 stæði eða fleiri.

- 3) Aðildarríki sem eru ábyrg fyrir minna en 1% af heildarfjölda nótta sem er eytt á gistingu í Evrópusambandinu geta dregið enn frekar úr umfangi eftirlits, til að ná yfir að lágmarki alla gistingu á gistingu með 20 rúm eða fleiri (20 stæði eða fleiri).
 - 4) Þegar beitt er takmörkun gildissviðsins sem lýst er í 1., 2. og 3. lið, skal senda árlega mat á heildarfjölda nótta sem einstaklingar sem eru heimilisfastir, sem og þeir sem eru ekki heimilisfastir, eyða á gistingu sem falla utan gildissviðs eftirlitsins.
 - 5) Senda skal matið, eins og lýst er í 4. lið, fyrir fyrsta viðmiðunarárið vegna gagna sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, innan 12 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.
 - 6) Aðildarríkin geta dregið enn frekar úr umfangi eftirlitsins vegna nettónýtingar rúma á hótelum og gistiheimilum til að ná yfir að lágmarki alla gistingu með 25 rúm eða fleiri.
- D. Skammtímahagvísar
- Skammtímahagvísarnir sem um getur í c-lið 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar eru breytur sem vísa til fjölda nótta sem eytt er eins og talið er upp í B-lið í þessum þætti.

3. þáttur

FLOKKANIR SEM BEITA Á Í 1. OG 2. ÞÆTTI

A. Tegund gistingu

Flokkarnir þrír sem nota á fyrir tegund gistingu og vísa til flokka 55.1, 55.2 og 55.3 NACE eru:

- hótél og gistiheimili,
- orlofsdvalarstaðir og annars konar gistingu staða,
- tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi.

B. Tegund staðsetningar a)

Flokkarnir þrír sem nota á vegna tegundar staðsetningar a), sem vísa til stigs þéttbýlismyndunar sveitarfélagsins (eða jafngildra staðbundinna stjórnsýslueininga) þar sem gistinguðirnir eru staðsettir eru:

- þéttbýlt svæði,
- meðalþéttbýlt svæði,
- strjálbýlt svæði.

C. Tegund staðsetningar b)

Flokkarnir tveir sem nota á vegna tegundar staðsetningar b), sem vísa til staðsetningar sem er nálægt sjávarsvæði sveitarfélagsins (eða jafngildrar staðbundinnar stjórnsýslueiningar) þar sem gistinguðirnir eru staðsettir eru:

- strönd,
- ekki strönd.

D. Stærðarflokkur

Flokkarnir þrír sem nota á vegna stærðarflokka og vísa til fjölda svefnherbergja á gistingu, eru:

- lítil fyrirtæki: færri en 25 svefnherbergi,
- meðalstór fyrirtæki: milli 25 og 99 svefnherbergi,
- stór fyrirtæki: 100 svefnherbergi eða fleiri, gefið upp aðskilið og með valkvæðum hætti: „milli 100 og 249 svefnherbergi“ og „250 svefnherbergi eða fleiri“.

E. Lönd og landsvæði

Flokkarnir sem nota á fyrir lönd eða landsvæði út frá búsetu gesta sem dvelja á gistingu fyrir ferðamenn eru:

- Evrópusambandið (Sambandið), gefið upp hvert fyrir sig: hvert aðildarríki,

- Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), gefið upp hvert fyrir sig: Ísland, Noregur, Sviss (þ.m.t. Liechtenstein),
- önnur lönd í Evrópu (að undanskildu Sambandinu eða EFTA, Rússland, Tyrkland og Úkraína eru þar ekki meðtalin),
- Rússland,
- Tyrkland,
- Úkraína,
- Afríka, gefa skal upp sérstaklega: Suður-Afríka
- Norður-Ameríka, gefa skal upp hvert fyrir sig: Bandaríki Ameríku, Kanada,
- Suður-Ameríka og Mið-Ameríkuríki, gefa skal upp hvert fyrir sig: Brasilía,
- Asía, gefa skal upp hvert fyrir sig: Alþýðulýðveldið Kína, Japan, Lýðveldið Kórea,
- Ástralía, Eyjaálfa og önnur yfirráðasvæði, gefa skal upp sérstaklega: Ástralía.

4. þáttur

FERÐAÞJÓNUSTA INNANLANDS Í GISTIAÐSTÖÐU UTAN LEIGUMARKAÐAR

A. Breytur sem senda á vegna ársgagna

[valkvætt] Fjöldi gistinóttu í gistingarstöðu utan leigumarkaðar á viðmiðunarárinu.

B. Sundurliðun

[valkvætt] Sundurliða skal breytur sem skráðar eru undir A-lið út frá aðseturslandi gestanna hvað íbúa í Sambandinu varðar, en flokka skal gesti með aðsetur utan Sambandsins í einn viðbótarflokk.

II. VIÐAUKI

FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR INNLENDI

1. þáttur

ÞÁTTTAKA Í FERÐAÞJÓNUSTU Í PERSÓNULEGUM TILGANGI

A. Breytur og sundurliðanir sem senda á vegna ársagna

Breytur	Sundurliðanir út frá lengd og ákvörðunarstað ferða í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi	Félagslýðfræðilegar sundurliðanir
1. Fjöldi heimilisfastra einstaklinga, 15 ára og eldri, sem taka þátt í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu	a) Allar ferðir (þ.e. farið í a.m.k. eina ferð þar sem gíst er a.m.k. eina nótt) b) Einungis innanlandsferðir (þ.e. farið í a.m.k. eina innanlandsferð þar sem gíst er a.m.k. eina nótt, en engar ferðir á útleið) c) Einungis ferðir á útleið (þ.e. farið í a.m.k. eina ferð á útleið þar sem gíst er a.m.k. eina nótt, en engar innanlandsferðir)	1. Kyn 2. Aldursflokkur 3. [valkvætt] Menntastig 4. [valkvætt] Atvinnustaða 5. [valkvætt] Tekjur heimilis
2. Fjöldi heimilisfastra einstaklinga, 15 ára og eldri, sem taka ekki þátt í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu	d) Innanlandsferðir og ferðir á útleið (þ.e. farið í a.m.k. eina innanlandsferð þar sem gíst er a.m.k. eina nótt og a.m.k. eina ferð á útleið þar sem gíst er a.m.k. eina nótt) e) Stuttar ferðir (þ.e. farið í a.m.k. eina ferð þar sem gíst er í eina til þrjár nætur) f) Lengri ferðir (þ.e. farið í a.m.k. eina ferð þar sem gíst er í eina til fjórar nætur) g) Lengri ferðir, einungis innanlandsferðir (þ.e. farið í a.m.k. eina innanlandsferð þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur, en engar ferðir á útleið þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur eða fleiri) h) Lengri ferðir, einungis ferðir á útleið (þ.e. farið í a.m.k. eina ferð á útleið þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur, en engar innanlandsferðir þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur eða fleiri) i) Lengri ferðir, innanlandsferðir og ferðir á útleið (þ.e. farið í a.m.k. eina innanlandsferð þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur og a.m.k. í eina ferð á útleið þar sem gíst er a.m.k. fjórar nætur eða fleiri)	

Sameina skal sundurliðanir út frá lengd og ákvörðunarstað ferða í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi við félagslýðfræðilegar sundurliðanir

B. Breytur og sundurliðanir sem senda á vegna þriggja ára gagna

Breytur	Sundurliðanir út frá helstu ástæðum þess að taka ekki þátt í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu (með fleiri svarmöguleikum fyrir svarendur)	Félagslýðfræðilegar sundurliðanir
1. Fjöldi heimilisfastra einstaklinga, 15 ára eða eldri, sem tóku ekki þátt í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu (þ.e. fóru ekki í neina ferð þar sem gíst var í a.m.k. eina nótt í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu)	a) Fjárhagslegar ástæður (engir peningar tiltækir fyrir orlofsferðir, hafa ekki efni á að fara í frí) b) Skortur á frítíma vegna fjölskylduskuldbindinga c) Skortur á frítíma vegna skuldbindinga vegna vinnu eða náms d) Heilsuástæður eða hreyfihömlun e) Valið að dvelja heima, engin hvöt til ferðalaga f) Öryggi g) Aðrar ástæður	1. Kyn 2. Aldursflokkur 3. [valkvætt] Menntastig 4. [valkvætt] Atvinnustaða 5. [valkvætt] Tekjur heimilis

Sameina skal sundurliðanir út frá helstu ástæðum þátttökuleysis í ferðaþjónustu í persónulegum tilgangi á viðmiðunarárinu við félagslýðfræðilegar sundurliðanir

Fyrsta viðmiðunarár fyrir breyturnar til þriggja ára skal vera 2013.

C. Flokkanirnar sem nota á vegna félagslýðfræðilegra sundurliðana

- 1) Kyn: karl, kona.
- 2) Aldursflokkur: yngri en 15 [valkvætt] 15–24, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 eða eldri, með millisamtölur fyrir 25–44 og 45–64.
- 3) Menntastig: lágt (ISCED 0, 1 eða 2), miðlungs (ISCED 3 eða 4), hátt (ISCED 5 eða 6).
- 4) Staða atvinnumála: með atvinnu (launamaður eða sjálfstætt starfandi), atvinnulaus, háskólanemi (eða nemandi), aðrir sem eru ekki á vinnumarkaði.
- 5) Tekjur heimilis: í tekjufjórðungum.

2. Þáttur

FERÐIR OG GESTIR SEM FARA Í FERÐIRNAR

A. Breytur sem á að senda

	Breytur	Flokkar sem á að senda	Tíðni
1.	Brottfararmánuður		Árlega
2.	Lengd ferðarinnar í fjölda nótt		Árlega
3.	[Einungis fyrir ferðir á útleið] Lengd ferðarinnar: fjöldi nótt sem eytt er innanlands		Þriðja hvert ár
4.	Aðal ákvörðunarlandið	Með skírskotun til listans yfir löndin í handbókinni um aðferðafræði, sem er útbúin skv. 10. gr. þessarar reglugerðar	Árlega
5.	Megintilgangur ferðar	a) Persónulegur: frístundir, tómstundir, fri b) Persónulegur: heimsækja ættingja og vini c) Persónulegur: annar (t.d. pílgrímaför, heilsu meðferð) d) Faglegur/tengdur viðskiptum	Árlega
6.	[Einungis fyrir ferðir í persónulegum tilgangi] Tegund ákvörðunarstaða, með fleiri svarmöguleikum	a) Borg b) Við sjóinn c) Í sveit (þ.m.t. við vatnsbakka, ár o.s.frv.) d) Skemmtiferðaskip e) Fjallendi (hálandi, hæðir, o.s.frv.) f) Annað	Þriðja hvert ár
7.	[Einungis ferðir í persónulegum tilgangi] Þátttaka barna í ferðinni	a) Já b) Nei	Þriðja hvert ár
8.	Helsti ferðamáti	a) Loft (þjónusta í áætluarflugi eða leiguflugi eða önnur flugþjónusta) b) Vatnaleiðir (farþegaskip og ferjur, skemmtiferðaskip, skemmtibátar, leigð skip, o.s.frv.) c) Járnbraut d) Strætisvagnar, langferðabifreiðar (samkvæmt áætlun eða óreglubundið) e) Vélknúin ökutæki (í einkaeigu eða leigð) f) Annað (t.d. reiðhjól)	Árlega
9.	Helstu gistingarkostir	a) Leigð gistaðstaða: hótél eða gistihús b) Leigð gistaðstaða: tjaldstæði eða svæði fyrir hjólhýsi (ekki heimilisfesti)	Árlega

	Breytur	Flokkar sem á að senda	Tíðni
		c) Leigð gistaðstaða: önnur leigð gistaðstaða (heilbrigðisstofnanir, farfuglaheimili, smábátahafnir, o.s.frv.) d) Gistaðstaða utan leigumarkaðar: eigið orlofsheimili e) Gistaðstaða utan leigumarkaðar: gistaðstaða án endurgjalds hjá ættingjum eða vinum f) Gistaðstaða utan leigumarkaðar: önnur gistaðstaða utan leigumarkaðar	
10.	Bókun ferðarinnar: aðstoð ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu er nýtt til að bóka helstu ferðamáta	a) Já b) Nei c) Veit ekki	Þriðja hvert ár
11.	Bókun ferðarinnar: aðstoð ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu er nýtt til að bóka helstu gistingarkosti	a) Já b) Nei c) Veit ekki	Þriðja hvert ár
12.	[Einungis fyrir ferðir þegar aðstoð ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu var ekki nýtt til að bóka helstu ferðamáta eða helstu gistingarkosti] Bókun ferðarinnar (sjálfstætt)	a) Þjónustan var bókuð beint hjá þjónustuveitandanum b) Ekki var þörf á bókun	Þriðja hvert ár
13.	Bókun ferðar: alferð	a) Já b) Nei	Þriðja hvert ár
14.	Bókun ferðarinnar: Bókun helstu ferðamáta á Netinu	a) Já b) Nei c) Veit ekki	Þriðja hvert ár
15.	Bókun ferðarinnar: Bókun helstu gistikosta á Netinu	a) Já b) Nei c) Veit ekki	Þriðja hvert ár
16.	Útgjöld hvers ferðamanns á ferðalaginu sem eru tengd ferðamáta		Árlega
17.	Útgjöld hvers ferðamanns á ferðalaginu sem eru tengd gistaðstöðu		Árlega
18.	[valkvætt] Útgjöld hvers ferðamanns á ferðalaginu sem eru tengd fæði og drykkjum á kaffihúsum og veitingastöðum		Árlega
19.	Gefa skal upp annan kostnað, hvern fyrir sig, fyrir hvern ferðamann á ferðalaginu (19a): varanlegar neysluvörur og verðmætar vörur		Árlega
20.	Lýsing gestsins: kyn, með því að nota eftirfarandi flokka	a) Karl b) Kona	Árlega
21.	Lýsing gestsins: aldur, í heilum árum		Árlega
22.	Lýsing gestsins: aðsetursland		Árlega
23.	[valkvætt] Lýsing gestsins: menntastig	a) Lág (ISCED 0, 1 eða 2) b) Miðlungs (ISCED 3 eða 4) b) Hátt (ISCED 5 eða 6)	Árlega

	Breytur	Flokkar sem á að senda	Tíðni
24.	[valkvætt] Lýsing gestsins: atvinnustaða	a) Með atvinnu (launamaður eða sjálfstætt starfandi) b) Atvinnulaus c) Háskólanemi (eða nemandi) d) Aðrir sem eru ekki á vinnumarkaði	Árlega
25.	[valkvætt] Lýsing gestsins: tekjur heimilis í tekjufjórðungum		Árlega

B. Takmörkun gildissviðsins

Umfang eftirlits skulu vera allar ferðir í ferðaþjónustu þar sem gist er í a.m.k. eina nótt í umhverfi utan venjulegs umhverfis íbúa sem eru 15 ára og eldri og sem lauk á viðmiðunartímabilinu. Valkvætt er að senda sérstaklega gögn um íbúa undir 15 ára aldri.

C. Tíðni

- 1) Fyrsta viðmiðunarárið fyrir breyturnar til þriggja ára og flokkana sem skráðir eru undir 3., 6. og 7. lið A-liðar, skal vera 2013.
- 2) Fyrsta viðmiðunarárið fyrir breyturnar til þriggja ára og flokkana sem skráðir eru undir 10.–15. lið A-liðar, skal vera 2014.

3. þáttur

DAGSFERÐIR

A. Breytur og sundurliðanir sem senda á árlega (dagsferðir á útleið)

Breytur	[valfrjálst] Sundurliðun	[valfrjálst] Félagslýðfræðilegar sundurliðanir
1. Fjöldi dagsferða á útleið í persónulegum tilgangi	a) eftir ákvörðunarlandi	1. Kyn
2. Fjöldi dagsferða á útleið í faglegum tilgangi		2. Aldursflokkur
3. Útgjöld vegna dagsferða á útleið í persónulegum tilgangi	a) eftir ákvörðunarlandi	3. Menntastig
4. Útgjöld vegna dagsferða á útleið í faglegum tilgangi	b) eftir útgjaldaflokkun: ferðamáti, verslun, veitingahús/kaffihús, annað	4. Atvinnustaða
		5. Tekjur heimilis

B. Breytur og sundurliðanir sem senda á þriðja hvert ár (dagsferðir innanlands)

Breytur	[valfrjálst] Sundurliðun	[valfrjálst] Félagslýðfræðilegar sundurliðanir
1. Fjöldi dagsferða innanlands í persónulegum tilgangi		1. Kyn
2. Fjöldi dagsferða innanlands í faglegum tilgangi		2. Aldursflokkur
3. Útgjöld vegna dagsferða innanlands í persónulegum tilgangi	a) eftir útgjaldaflokkun: ferðamáti, verslun, veitingahús/kaffihús, annað	3. Menntastig
4. Útgjöld vegna dagsferða innanlands í faglegum tilgangi		4. Atvinnustaða
		5. Tekjur heimilis

C. Flokkanirnar sem nota á við sundurliðanir vegna félagslýðfræðilegra sundurliðana

Flokkarnir sem nota á við félagslýðfræðilegar sundurliðanir eru þær sem skráðar eru í C-lið 1. þáttar þessa viðauka.

D. Takmörkun gildissviðsins

Gildissvið eftirlitsins skal vera allar dagsferðir utan venjulegs umhverfis íbúa sem eru 15 ára og eldri. Valkvætt er að senda sérstaklega gögn um íbúa undir 15 ára aldri.

E. Tíðni og fyrstu viðmiðunartímabilin

- 1) Senda skal árlega skráningaratriði dagsferða, sem eru skráð undir A-lið og tilgreina um fjóra ársfjórðunga almanaksársins á undan, fyrir hvern um sig. Fyrsta viðmiðunartímabilið skal hefjast 1. janúar 2014.
 - 2) Senda skal þriðja hvert ár skráningaratriði dagsferða, sem eru skráð undir B-lið og tilgreina um fjóra ársfjórðunga almanaksársins á undan, fyrir hvern um sig. Fyrsta viðmiðunartímabilið skal hefjast 1. janúar 2015. Sending er einungis valkvæð fyrir fyrsta viðmiðunartímabilið.
-